

Verklýsing – Framkvæmd í landi Syðstu-Fossa

Verkið felur í sér að undirbúa tippsvæði á fyrirfram ákveðnum stöðum í landi Syðstu-Fossa, Borgarbyggð. Í upphafi verks skal taka upp gróðurpekju þar sem hún er til staðar og haugsetja í samráði við verkkaupa. Einnig skal byggja upp vinnuvegi fyrir þungaumferð eins og teikningar sýna. Þegar framkvæmd hefst mun aðalverktaki verksins „Andakílsárirkjun – endurbætur“ keyra uppgrafið efni á fyrrgreind tippsvæði, ýta því út með jarðýtu og forma samkvæmt teikningum. Þegar aðalverktaki hefur lokið landmótun á tippsvæðum í samræmi við verkhönnun skal verktaki leggja jarðveg yfir og móta líkt og landslag umhverfis svæðið. Að lokum skulu gróðurtorfur vera lagðar yfir þannig að gróður snúi rétt upp þar sem gróður var fyrir. Á ógrónum svæðum, eða þar sem gróðurtorfur hafa skemmst, skal dreifa heyi og grasfræjum (sem verkkaupi útvegar) eða fræslægju yfir tippsvæði að loknu verki. Magn setefnis er á bilinu 70.000 (+/- 15.000) m³ og skal vera góð samvinna milli verktakanna tveggja varðandi undirbúning verksins, móttöku efnis og frágang í verklok. Fulltrúi verkkaupa skal vera með í öllum samskiptum milli verktaka. Sérstaklega skulu fyrstu tippsvæði ásamt vinnuvegi að þeim vera tilbúin í tæka tíð til að taka við efni frá upphafi verks.